



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á Lögþingi Færeyinga
Þórshöfn
17. maí 2017**

Formaður lögpings,
ágætu lögpingsmenn!

Ég færi ykkur og Færeyingum öllum kveðju frá Íslendingum, vinabjód ykkar. Ég þakka þann heiður að fá að ávarpa ykkur, fulltrúa hinnar færeysku þjóðar á hinu ævafora lögþingi sem á sér sömu rætur og Alþingi okkar. Fyrir mína hönd og Elizu konu minnar þakka ég hjartanlega þann hlýhug sem okkur hefur verið sýndur hér í Færeyjum, í fyrstu heimsókn okkar hingað eftir að ég tók við embætti forseta. Hvarvetna mætum við góðvild og gestrisni.

Ekki kemur það á óvart. Milli Íslands og Færeyja liggja gagnvegir, traust vináttubönd. Skemmst er að minnast þess að eftir fárviðri um síðustu jól söfnuðu Íslendingar nokkru fé til að styrkja slysavarnarstarf hér á eyjunum og okkur er í ríku minni hvernig færeysk stjórnvöld brugðust við bankahruninu mikla á Íslandi haustið 2008. Lán stóð þá óðara til boða, án skilyrða og með góðri ósk um að úr rættist.

Kæru vinir! Við erum fámennar þjóðir, Íslendingar og Færeyingar, hér úti á óravíddum Atlantshafsins. Við ráðum ekki örlögum annarra þjóða, við getum lítt breytt gangi mannkynssögunnar einir okkar liðs. En samt getum við lagt okkar af mörkum, jafnvel verið öðrum fyrirmynd – og staðið saman.

Hafið skilur okkur að en sameinar okkur um leið. Síðustu aldir sóttu Færeyingar á Íslandsmið og gengu gjarnan í skipsrúm hjá okkur Íslendingum, eftirsóttir fyrir dugnað sinn og ósérhlífni. Í samningum um skiptingu sameiginlegra flökkustofna á Atlantshafi hafa Íslendingar kunnað að meta hreinskilni og sanngirni Færeyinga. Báðar þjóðir hafa hagsmuni að verja en kunna jafnframt þá list leita málamiðlana. Við vitum of vel, sumpart af biturri reynslu, að óheft sókn mundi skaða alla.

Annað vitum við líka: Höfin verður að vernda og verja gegn mengun og annarri vát af manna völdum. Í þeim efnum þurfum við Íslendingar og Færeyingar að taka höndum saman, benda öðrum þjóðum til dæmis á hættuna sem lífríki sjávar stafar af plasti og öðrum ófögnum sem flýtur um höfin. Við þurfum að fara með gát í fiskeldi í fjörðum okkar og sundum, forðast drauma um skjótfenginn gróða. Það er nefnilega þannig að þótt við séum kannski fá og smá hér á Atlantshafi er hlustað á okkur þegar við tölum um það sem við höfum vit á – og ef það er eitthvað sem vitum eitthvað um þá er það hafið, auðævi þess og þær ógnir sem ber að varast.

Í þeim efnum er verk að vinna en við skulum samt horfa bjartsýn fram á veg. Hér í Færeyjum er engin ástæða til annars. Þannig fréttum við heima á Íslandi af þeim tímamótum í síðasta mánuði þegar fjöldi Færeyinga fór yfir 50.000 í fyrsta sinn í sögunni. Það er táknað dæmi um aukinn styrk færeysku þjóðarinnar. Innan árs munu Færeyingar líka greiða atkvæði um nýja stjórnarskrá, sáttmála um sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar, réttindi hennar og skyldur innanlands og utan.

Á Íslandi er fylgst með framvindu mála hér í Færeyjum af áhuga og hlýhug. Færeysk þjóðsaga segir að eitt sinn hafi íslenskir höfðingjar vilja flytja Færeyjar til sín og sent til þess tvö tröll sem höfðu auðvitað ekki erindi sem erfiði og dagaði uppi. Þannig verða steintröllin til. Færeyjar eru þar sem þær eru, einstakar eyjar með eigin sögu og framtíð. Í samfélagi þjóðanna höfum við spjarað okkur, Íslendingar og Færeyingar, þótt stundum hafi á móti blásið. Við höfum notið eigin styrks og samvinnu við aðra, á ýmsa ólíka vegu. Við Íslendingar hlökkum til að vinna áfram með ykkur, ekki síst á vettvangi Vestnorræna ráðsins með hinum grænlenku nágrönnum okkar í vestri.

Kæru grannar í Færeyjum, lögbingsformaður og lögbingsmenn! Ég ítreka þakki til ykkar og árnaðaróskir. Hingað er alltaf gott að koma, hér býr þjóð sem við þekkjum að góðu, reynslan hefur sýnt að hér eigum við Íslendingar vini í raun.